



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS  
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 23. apríl 2019.

## Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um kynrænt sjálfræði, 752. mál, þskj. 1184.

Mannréttindaskrifstofu Íslands (MRSÍ) hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um kynrænt sjálfræði. Löngu er tímabært að sett verði heildstæð löggjöf um kynrænt sjálfræði hér á landi og styður skrifstofan frumvarpið heils hugar en gerir alvarlegar athugasemdir við að í frumvarpinu er ekki að finna ákvæði til verndar intersex börnum gegn skaðlegum og ónauðsynlegum líkamlegum inngrípum þrátt fyrir fyrirheit stjórnvalda í stjórnarsáttmála, en þar segir:

*„Ríkisstjórnin vill koma Íslandi í fremstu röð í málefnum hinsegin fólks með metnaðarfullri löggjöf um kynrænt sjálfræði í samræmi við nýútkomin tilmali Evrópuráðsins vegna mannréttinda intersex-fólks. Í þeim lögum yrði kveðið á um að einstaklingar megi sjálfir ákveða kyn sitt, kynvitund þeirra njóti viðurkenningar, einstaklingar njóti líkamlegrar friðhelgi og jafnréttis fyrir lögum óháð kynbneigð, kynvitund, kyneinkennum og kyntjáningu.“*

Að mati MRSÍ verður ekki nógsamlega tíundað mikilvægi þess að vernda einstaklinga með ódæmigerð kyneinkenni, sem ekki falla að stöðluðum hugmyndum um líffræðileg einkenni karla eða kvenkyns líkama, fyrir tilraunum til að laga líkama þeirra að stöðluðum hugmyndum um kynin með skurðaðgerðum og/eða hormónamedferðum. Í niðurstöðum rannsóknar Amnesty International kemur fram að þegar einstaklingar með ódæmigerð líffræðileg kyneinkenni og fjölskyldur þeirra leita eftir þjónustu í íslenska heilbrigðiskerfinu þá dregur skortur á skýru mannréttindamiðuðu verklagi og þverfaglegri nálgun, ásamt ónógum félagslegum stuðningi, úr möguleikum þeirra til að njóta líkamlegrar og andlegrar heilsu að hæsta marki sem unnt er. MRSÍ telur að betur hefði farið á því að frumvarpið innihéldi ákvæði til verndar intersex börnum auk ákvæðis til bráðabirgða I sem skili tillögum um úrbætur í málefnum þeirra.

MRSÍ vill jafnframt koma eftirfarandi sjónarmiðum og athugasemdum á framfæri:

### 1. Um 9., 12. og 13. gr.

MRSÍ veltir því fyrir sér hvort áskilja eigi að þeir einstaklingar sem skipa skal í teymi barna- og unglingaæðdeildar um kynvitund og ódæmigerð kyneinkenni sem og teymi Landspítalans um kynvitund og breytingar á kyneinkennum, hafi sérþekkingu á þeim viðfangsefnum sem þeim eru ætluð. Það er ekki sjálfgefið að sú menntun, sem tilgreint er að nefndarmenn og meðlimir teymisins skuli hafa, tryggi að þeir hafi innsýn í viðfangsefnið og þekkingu á þeim. Sama á við um sérfræðinefnd um breytingar á kynskráningu barna skv. 9. gr. frumvarpsins.



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS  
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Hins vegar telur skrifstofan afar jákvætt hversu rík áhersla er, í 12. og 13. gr. frumvarpsins, lögð á að bæði teymi skuli hafa samstarf og vera í samráði við samtök trans fólks og intersex fólks, sem og að þau skuli tryggja skjólstæðingum sínum jafningjafraeðslu.

## 2. Um 11. gr.

Að mati MRSÍ er um afskaplega mikilvægt ákvæði að ræða. Einkum telur skrifstofan það mikils virði að óheimilt verði að gera varanlegar breytingar á kynfærum, kynkirtlum eða öðrum kyneinkennum einstaklings 16 ára eða eldri án skriflegs samþykkis hans. Áréttar skrifstofan þó orð sín hvað varðar intersex börn.

Virðingarfyllst,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

---

Margrét Steinarsdóttir

framkvæmdastjóri